



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, 588. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. SFF fagna almennt að innlendir fjármálamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er sem líkust því sem gerist í Evrópu.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (hér eftir SFTR). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2022, frá 17. mars 2022. Það er mikilvægt að hafa í huga að með þessu frekar stutta frumvarpi er verið að innleiða í íslenskan rétt tæknilega flókna reglugerð frá Evrópusambandinu, tæknistaðla um hvernig skuli uppfylla nýjar tæknilegar kröfur, ítarlegar skýrsluskilakröfur (sem m.a. kunna að krefjast forritunar sem taka tíma) o.fl.

Ákvæði SFTR ná til aðila sem taka þátt í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf. Það geta t.d. verið bankar, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Kveður SFTR fyrst og fremst á um nýjar skyldur þeirra á þremur mismunandi sviðum:

- i) Tilkynningarskyldu til viðskiptaskrár vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf;
- ii) Skyldur vegna endurnotkunar á fjármálagerningum samkvæmt veðtryggingarfyrirkomulagi;
- iii) Upplýsingagjöf rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

Um er að ræða umfangsmiklar nýjar skyldur sem innleiða þarf í starfsemi framangreindra fjármálafyrirtækja, eftir því sem við á.

Þessar nýju kröfur kalla m.a. á að breytingar verði gerðar á tölvukerfum viðkomandi fyrirtækja á fjármálamarkaði, ganga þarf til samninga við erlendar viðskiptaskrár um að þær taki við tilkynningum þar sem engin slík viðskiptaskrá er starfandi hér á landi (þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir því), útfæra þarf form tilkynninga og innleiða þarf nýja verkferla í starfseminni og þjálfa starfsfólk. Þá kann að vera nauðsynlegt að umræddfyrirtæki á fjármálamarkaði eigi samvinnu við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um túlkun reglna eftir því sem innleiðingunni fram vindur en slíkt samtal hefur ekki átt sér stað ennþá. Enda eins og fram hefur komið er um verulega tæknilega innleiðingu að ræða. Fyrirtækin hafa verið meðvituð um að innleiðing SFTR standi fyrir dyrum en hafa ber í huga að almennt er ekki fyrirsjáanlegt til langs tíma hvenær ný lög taka gildi hér á landi. Undirbúningi fyrir innleiðingu flókins regluverks getur því aldrei verið lokið skömmu eftir að lög eru samþykkt á Alþingi. Það tekur alltaf nokkurn tíma, þegar um svo tæknilega löggjöf er að ræða, að innleiða hana í starfsemi fyrirtækisins þannig að vel eigi að vera og tryggt sé að nýjar skyldur samkvæmt löggjöfinni verði uppfylltar með fullnægjandi hætti.

Í þessu samhengi er rétt er að geta þess að Í Evrópusambandinu var SFTR innleidd í skrefum á fjórum árum sbr. eftirfarandi mynd sem tekin er af vef austurríska fjármálaeftirlitsins (<https://www.fma.gv.at/en/capital-markets/sftr/>).



Í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda hafa SFF tvisvar sinnum bent á að gefa þurfi fyrirtækjum á fjármálamarkaði nokkuð rúman tíma til að aðlaga starfsemi sína að þessari nýju löggjöf. Lagt var til að fjármálafyrirtækin fengju eins árs aðlögunartíma frá gildistöku til að aðlaga starfsemi sína að nýjum og flóknum kröfum um tilkynningarskyldu. Að auki var bent á að óheppilegt er að gildistaka laganna væri á miðjum sumarleyfistíma. Engu að síður er lagt til í

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)

frumvarpinu að lögin öðlist gildi 1. júlí 2023. Það vekur furðu að ráðuneytið hafi ekki skilning á þeim flóknu skyldum sem lögin leggja á fjármálafyrirtæki í þessu sambandi og þeirri mannaflaþörf sem þarf að vera til staðar í fjármálafyrirtækjum til að tryggja snurðulausa tækni og verkferla við gildistöku. Í þessu sambandi vekja athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins í 5. kafla greinargerðar sérstaka athygli þar sem sjónarmiðum SFF eru enginn skilningur sýndur. Þær eru svohljóðandi:

*„Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að taka undir þessa athugasemd SFF meðal annars með tilliti til fyrri rökstuðnings um tímanlega innleiðingu og skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningum. Í þessu samhengi er vert að benda á að frumvarpið felur ekki í sér flóknar eða umfangsmiklar nýjar skyldur íslenskra banka, einungis tilkynningarskyldu þeirra til viðskiptaskrár um fjármögnunarviðskipti með verðbréf.“*

SFF mótmæla þeirri staðhæfingu að frumvarpið feli ekki í sér flóknar og umfangsmiklar nýjar skyldur íslenskra banka og benda á að það er sjálfsögð og eðlileg krafa að löggjafinn gefi fjármálafyrirtækjum hæfilegan frest til að undirbúa sig fyrir gildistöku nýrra laga sem leggja á þau flóknar skyldur. Í því sambandi er sérstaklega bent á að þegar SFTR var tekin upp í Evrópusambandinu var reglugerðin innleidd í áföngum á fjórum árum. Eins árs aðlögunartími hér á landi getur því vart talist langur.

Með vísan til framangreinds ítreka SFF beiðni um lengri aðlögunartíma til að tryggja að innleiðing verði framkvæmd með fullnægjandi hætti, með viðeigandi lausnum og þeim prófunum sem nauðsynlegar er að gera svo vel eigi að vera. Því er lagt til að lögin taki gildi þann 1. mars 2024.

f. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur

---

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

[sff@sff.is](mailto:sff@sff.is)

[www.sff.is](http://www.sff.is)